

HORNSTRANDAFRIÐLAND

HORNSTRANDIR NATURE RESERVE



UMHVERFISSTOFNUN



Hafið í huga

Hornstrandafriðlandið var friðlýst árið 1975. Markmið friðlýsingar er vernd náttúru svæðisins. Til þess að friðlandið haldi gildi sínu og veiti ferðamönnum upplifun og ánægju, þurfa allir að leggjast á eitt og ganga vel um svæðið og náttúru þess.



Takið tillit til dýralífs og gróðurs. Notið göngustíga þar sem þeir eru og tjöldum á merktum tjaldsvæðum. Allt sem borið er inn á tjaldsvæði, s.s. rekaviðadrumbar, grjótt til að fergja tjöld og annað slíkt skal skila aftur að dvöl lokinni. Á tjaldsvæðum eru kamrar eða salerni og skal ganga vel um þau.



Taka ber allt rusl með sér af svæðinu. Óheimilt er að urða það, brenna, skilja eftir eða setja í kamra. Skiljum engin merki eftir um veru okkar í friðlandinu.



Gæludýr er best að skilja eftir heima, en ef ferðast er með þau, ber að hafa stjórn á þeim allan tímann sem dvalið er í friðlandinu. Hafa skal þau í bandi og fjarlægja úrgang frá þeim.



Notið ekki neyðarskýli nema brýn ástæða sé til, s.s. vegna slæms veðurs, veikinda, taps á búnaði o.fl.. Skiljum ekkert eftir okkur í skýlunum eða fjarlægjum nokkuð úr þeim. Góð venja er að rita nafn sitt og ferðaáætlun í gestabækur skýlanna.



Símasamband er takmarkað í friðlandinu. Á sumum stöðum er GSM samband. Talstöðvar eru í neyðarskýlum.



Heimild þarf til að setja upp bálkesti. Fara skal varlega með eldunaráhöld og einnota grill.



Brýnt er að undirbúa ferð í friðlandið af kostgæfni. Meðal nauðsynlegs búnaðar má nefna: vatnsvarinn skjólfatnað, góða gönguskó, regn- og vindhelt tjald, kort af svæðinu, nægan mat og eldunaráhöld.



Hornstrandafriðlandið er að mestu í einkaeign. Taka ber tillit til landeigenda á svæðinu og virða friðhelgi húsa þeirra.

Á tímabilinu 15. apríl til 15. júní skal tilkynna Hornstrandastofu á Ísafirði um ferðalög um svæðið. Þetta ákvæði tekur þó ekki til ferða landeigenda.

Please keep in mind

The Hornstrandir nature reserve was established in 1975. This was to protect the area's nature. We must all work together to minimise the impact on the area and its natural environment, so it can retain its value and provide visitors with an enjoyable experience.



Respect the flora and fauna. Use walking paths where such exist and camp within marked areas. All driftwood and/or rocks that are brought to the campsites should be returned to its original place at the end of your stay. The latrines or toilets should be kept neat and tidy.



Please remove your rubbish from the area when you leave. Burying, burning or leaving it behind, placing it in latrines or toilets is not allowed. Leave no trace of your stay.



Pets are best left at home. However, if they come along, keep them on leash and under control. Ensure you remove their droppings.



Only use the emergency shelter if you truly have to, for example if the weather is really bad, someone is ill, equipment has been lost etc. Leave the shelter as you found it. It is a good habit to sign your name in the emergency shelter guest book, including your travel plans.



There is limited telephone coverage in the area. Some places have GSM reception. Radios can be found in emergency shelters.



Permit must be obtained before lighting camping fires or bonfires. Cooking equipment and disposable barbecues should be used with care.



The largest part of the Hornstrandir nature reserve is privately owned. Please respect the privacy of the house owners in the area.



Plan your stay carefully. Necessary equipment includes waterproof clothes, good walking boots, a rain- and windproof tent, a map of the area, food and cooking equipment.

From the 15th of April until the 15th of June, all travel within the nature reserve must be reported to the Hornstrandir information office in Ísafjörður.